

AF HIMNUM OFAN

Nokkur ráð við leit úr lofti

Það kemur fyrir að við sem venjulegt björgunarfólk erum fengin til að hjálpa til við leit úr lofti. Þeir sem það hafa reynt vita sem er að það er erfitt verk og þreytandi og alls ekki eins einfalt og það hljómar. Í þessari stuttu grein eru dregin fram nokkur atriði sem ættu að geta komið sér vel fyrir þá sem taka að sér að leita úr flugvél. Margt það sem kemur fram hér nýtist einnig við leit við aðrar aðstæður, s.s. úr bíl.

Að “skanna”

Eins og allir vita þá er augað margslungið fyrirbæri og töluverða einbeitingu og ákveðni þarf til að hafa stjórn á því og nota það til leitar. Leitarfræðin fjalla um þetta fyrirbæri og lögð er áhersla á það á leitartækninámskeiðum Björgunarskólans. Þegar kemur að leit úr lofti verður rétt notkun augnanna enn mikilvægari því að leitarsvæðið fer hratt framhá og lítið rúm er fyrir mistök. Það fyrsta sem leitarmaðurinn þarf að gera er að gera sér grein fyrir því að hann getur í raun aðeins séð mjög takmarkað svæði. Oft er talað um að það svæði sem þú getur raunverulega séð hverju sinni og leitað er um það bil jafn stórt og hnefinn á þér þegar handleggurinn er í útréttri stöðu. Reynslan hefur sýnt fram á það að erfitt er að greina það sem er utan þessa afmarkaða svæðis. Þó er líklegt að sterkir litir, andstæður eða hreyfing utan þessa svæðis myndi draga að sér athyglina en smærri vísbendingar, s.s. brunnir hlutar flugvélar, lítið brak í sjó eða manneskja í dökkum fötum eða hulin þunnu snjólagi gera það líklega ekki. Þegar við höfum gert okkur grein fyrir þessarri staðreynd er næsta skref að koma sér upp kerfi til að geta leitað stærra svæði. Þetta er kennt á almennum leitartækninámskeiðum og er notað í leitartækni almennt og er kallað að „skanna“ leitarsvæði. Þá hugsa menn sér línur sem augað fylgir og leita svæðið þannig kerfisbundið eftir fyrirfram ákveðnu mynstri. Best er að venja sig á að leita alltaf á þennan hátt og gera það á sama hátt og við lesum, þ.e. frá vinstri til hægri, ofan frá og niður. Með því að setja saman þessar tvær reglur um hnefastóra svæðið og „skann-línur“ þá erum við búin að brjóta leitarsvæðið fyrir framan okkur upp í mörg minni og viðráðanlegri svæði (sjá mynd). Þessi ímynduðu svæði leitum við svo hvert fyrir sig. Athugið að við erum í raun ekki að skanna viðstöðulaust á sama hátt og tölvuskanni eða ljósritunarvél skannar, heldur stoppum við augað í augnablik á hverju „svæði“ og tökum inn þær upplýsingar sem þar eru áður en við færum augun á næsta „svæði“. Það er einnig góð

regla að lita reglulega niður og aftur fyrir flugvélinu til að fá annað sjónarhorn á leitarsvæðið og tilbreytingu fyrir augun. Með reglulegu millibili þurfa leitarmennirnir svo að taka sér hvíld og þá getur verið nauðsynlegt að hafa a.m.k. einn aukamann til að hægt sé að skiptast á, sé þess kostur.

Að hverju ertu að leita?

Við erum annars vegar að leita að vísbendingum um það sem týnt er. Þar á meðal er, auk hins týnda sjálfs, til að mynda brak úr flugvél eða skipi, bíll eða búnaður hins týnda eða einhverskonar óbeinna vísbendinga eins og ummerki um hrap, oliuflekkir á sjó eða slóð eftir gangandi manneskju. Hinsvegar erum við að leita eftir hverskonar merkjum sem hinn týndi kann að hafa sett upp eða skilið eftir af ásettu ráði til að láta við af ferðum sínum og/eða dvalarstað. Það getur verið reykur eða ljós frá neyðarblysi, ljósmerki, orð eða merkingar í snjó eða sandi, flögg, veifur og svo framvegis. Með öðrum orðum þá er annars vegar um að ræða vísbendingar sem skapast af aðstæðum hverju sinni og hinsvegar vísbendingar sem hinn týndi kann að búa til meðvitað til þess að vekja á sér athygli. Aðstæður og gerð leitarsvæðis skipta máli svo og að hverju leitað er. Þegar við til dæmis leitum að hrapaðri flugvél þá leitum við að ólíkum hlutum eftir því hvort við erum að leita á snævi þaktri jörð eða auðri. Í meðfylgjandi töflum má finna ýmsar hugmyndir um hluti sem líklegt er að finna við leit við mismunandi aðstæður. Það skiptir miklu máli að reyna fyrirfram að gera sér grein fyrir því að hverju er verið að leita. Það hjálpar heilanum við að vinna úr því mikla upplýsingamagni sem verður til þegar við horfum út um flugvélaglugga á mikilli ferð. Að sjálfsögðu má þó ekki einbeita sér svo mikið að því að finna ákveðnar vísbendingar að hætta sé á að við útilokum aðrar sem við gerðum ekki ráð fyrir.

Hvernig ertu útbúin/n?

Það er ekki víst að leit úr lofti hæfi öllum. Það segir sig auðvitað sjálf að þeir sem eru flughræddir eða

Leit að skipum og bátum

Leitið að:

Bátum sjálfum

Skipbrotsmönnum (oftast í flotgöllum)

Lausum hlutum á floti, s.s. björgunarbátar, fiskikör, baujur og jafnvel gámar af stærri skipum.

Oliuflekkir eða önnur mengun

Braki úr bátum

Vert er að taka fram að leit yfir sjó getur verið ákaflega þreytandi og einhæft verk og mjög erfitt er að greina muninn á braki og hvítfreyðandi sjó.



► Oft er talað um að það svæði sem sjónin meðtaki hverju sinni jafngildi stærð hnefans þegar handleggjum er haldið beint út frá líkamanum. Þessa reglu er gott að hafa í huga þegar svæði er skannað. Þá eru augun færð kerfisbundið frá punkti til punkts (rauðu hringirnir) og staldrað við í augnablik á hverjum stað.

flugveikir ættu einfaldlega að segja nei takk, séu þeir beðnir um að vera leitarmenn í flugvél. Það er nógu erfitt að halda einbeitingunni við leitina þó að ekki sé eitthvað annar að trufla á meðan. Best er að vera vel sofin/n og úthvild/ur því að margir hafa staðið sig að því að syfja all verulega eftir langa leit úr lofti, sérstaklega ef leitað er yfir sjó eða jökli eða öðru tilbreytingarlausu landslagi. Hafðu með þér hlýan fatnað, það getur orðið kalt þarna uppi, sérstaklega í minni vélum. Og síðast en alls ekki síst, farðu á klósettið áður en farið er í loftið!

Fannstu eitthvað?

Ef þú telur þig hafa komið auga á eitthvað er mikilvægt að bregðast hratt við og láta flugmanninn strax vita. Reyndu að missa ekki sjónar af því sem þú sást og settu á þig kennileiti í umhverfinu til að reyna að ákvarða staðsetningu. Til að koma skilaboðum til flugmannsins um það hvar þú sást eitthvað getur verið gagnlegt að nota kerfi sem við þekkjum vel úr amerískum bíómyndum og snýst um það að líkja áttunum við klukkuskífu þar sem flugvélin stefnir á kl. 12 og allar aðrar áttir miðast við það. Þannig getur þú t.d. sagt við flugmanninn að þú hafir sé eitthvað

“klukkan 9” ef þú sást eitthvað beint til vinstri út af vélinni. Ekki hafa áhyggjur af því þó að þú sért ekki 100% viss um að það sem þú sást skipti máli. Það er betra að snúa vélinni við og komast að því að það var ekkert markvert að sjá heldur en að sleppa því og minnka þannig líkur hins týnda til að lifa af!

Samantekt

Leit úr lofti er um margt sérstök og í þessari stuttu grein hefur aðeins verið stiklað á stóru og einungis horft á málið frá sjónarhóli leitarmannsins um borð, þ.e. frá sjónarhóli augnanna! Ekkert hefur verið fjallað um hlutverk flugmannsins og allar þær fjölmörgu leitaráðferðir og flugmynstur sem hann þarf að kunna. Þar má nefna aðferðir til að leita fjöllum og fjallshlíðar, hvernig flogið er í leitarmynstur eftir staðsetningartækjum og margt, margt fleira. Einnig ber að taka fram að þó að hér sé fjallað um flugleit sérstaklega sem krefjandi verkefni, þá er raunar öll leit krefjandi. Þær aðferðir sem hér eru nefndar, sérstaklega er varðar „skönnun“ leitarsvæðis eiga við að einhverju eða öllu leyti í hvaða leitaráðgerð sem er. Og gleymum ekki aðalsmerki leitarmannsins: þolinmæði, samvirkusemi, forvitni.

Leit að flugvél

Á landi:

Heil flugvél

Ummerki eftir hrap (jarðvegsrask, brotin tré o.s.frv.)

Hlutar úr flugvél (oftast hvítir)

Brunnir flugvélarhlutar

Reykur

Ummerki um áhöfnina (neyðarmerki, slóðir o.s.frv.)

Á sjó/vatni:

Áhöfn og farþegar (hugsanlega í björgunarvestum)

Hlutar flugvélarinnar eða minna brak

Olibrák

Björgunarbátur

Fljótandi munir, s.s. björgunarvesti, sæti, einangrun úr flugvélinni o.fl.

Leit að týndu fólki

Leitið að:

Fólkinu sjálfu

Neyðarmerkjum, s.s. neyðarblysum, reyk, merkjum á jörðinni o.s.frv.

Vísbendingum, s.s. búnaði, slóðum o.s.frv.

Hvar?

Meðfram ám og vötnum

Meðfram girðingum, vegum, rafmagnslínunum og öðrum „leiðandi“ fyrirbærum

Opnum áberandi svæðum.